



# Íslandsmót einstaklinga 2014

**Íslandsmót einstaklinga 2014 verður haldið dagana 8.-11. febrúar í Keiluhöllinni Egilshöll og Keiluhöllinni Öskjuhlíð.**

Notaðir verða tveir olíuburðir í mótinu, stuttur [WTBA Beijing \(35'\)](#) og langur [WTBA Athens \(40'\)](#).

Í forkeppninni er spilað á stuttum olíuburði 6 leikir í Öskjuhlíð og löngum olíuburði 6 leikir í Egilshöll.

Á laugardeginum leika konur í Öskjuhlíð og karlar í Egilshöllinni en á sunnudeginum leika konur í Egilshöll og karlar í Öskjuhlíð.

Í milliriðli, undanúrslitum og úrslitum er spilað á lengri olíuburðinum á vinstri braut og stuttum á þeirri hægri og leikið á báðum brautum og er þessi hluti keppinnar eingöngu spilaður í Egilshöll.

## **Forkeppni helgina 8-9. febrúar.**

Spilaðir eru 12 leikir í tveimur 6 leikja blokkum.

Keppni byrjar kl. 9:00 laugardag og sunnudag.

Verð í forkeppni kr. 10.000,-

16 efstu karlarnir og 12 efstu konurnar halda áfram í milliriðil.

## **Milliriðill mánudaginn 10. febrúar kl. 19:00**

Spilaðir eru 6 leikir.

Verð í milliriðil kr. 5.000,-

Efstu 8 karlar og 8 konur halda áfram í undanúrslit.

## **Undanúrslit þriðjudaginn 11. febrúar kl. 19:00**

Spilað allir við alla, 8 karlar og 8 konur, einföld umferð.

Verð í undanúrslit kr. 5.500.

Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika til úrslita.

## **Úrslit þriðjudaginn 11. febrúar – strax að loknum undanúrslitum:**

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3. stig).

Jafnteflisviðureignir telja sem skipt viðureign (hálf stig á hvorn), ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga.

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um [Íslandsmót einstaklinga](#).

Skráning fer aðeins fram á netinu og lýkur fimmtudaginn 6. febrúar klukkan 22:00.

Mótanefnd KLÍ

Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir.